

*Sveinbjörn Beinteinsson sendir eftir-
farandi vísu að handan:*

Forlög ill í frægðargarðinn fluttu Óla;
upp við landsins æðstu hóla
illt er að rækta slíka njóla.

*Grétar Hallur Þórisson dásamar
veðurbliðuna á suðvesturhorni
landsins.*

Yfir mér er sólin sæl
syrtir hún mig eins og þræl.
Undir mér er önnur sjón
allt er skrælnað, þvílíkt tjón.

*Bjargey Arnórsdóttir er ánægð
með fundina í Gerðubergi.*

Gerðubergið gefur enn
gleði vífi og halnum,
kunna við sig kvæðamenn
að kyrja hér í salnum.

Þó að styttest þulurnar
þegar fögnum vori,
við skulum efla vonirnar
og vera létt í spori.



Iðunnarfundir haustið 2007

Vegna almennrar ánægju félagsmanna með fundarstað Iðunnar í Gerðubergi, þykir rétt að halda áfram að hittast þar, enda hefur félaginu verið boðið það. Sami háttur verður hafður á við kvæðalagaæfingarnar sem verða haldnar fyrsta miðvikudagskvöld hvers mánaðar og skemmtifundirnir eru svo næsta föstudagskvöld þar á eftir. Fundir og æfingar hefjast að venju klukkan 20.00 stundvíslega. Fyrsti fundur haustsins verður haldinn í október.

3. október	Kvæðalagaæfing.
5. október	Fundur, vísnanefnd sér um dagskrá.
7. nóvember	Kvæðalagaæfing.
9. nóvember	Fundur, rímnalaganefnd sér um dagskrá.
5. desember	Kvæðalagaæfing.
7. desember	Jólafundur, stjórnin sér um dagskrá.

Félagar eru hvattir til að mæta á sem flesta fundi og ekki gleyma æfingunum sem Njáll Sigurðsson stjórnar af röggsemi, því þar geta menn kynnst betur innviðum félagsins og sögu. Einnig eru félagar hvattir til að taka með sér gesti, bæði á fundi og æfingar, því fundir Iðunnar eru öllum opnir.



FRÉTTABLAÐ IÐUNNAR

104. tölublað – 28. árgangur

Útgefandi: Kvæðamannafélagið Iðunn

Ágúst 2007

Ábm: Steindór Andersen, S. 5 652 652

Iðunnarferð á Landsmót hagrýðinga haldið á Blönduósi 1. september 2007

Laugardaginn 1. september leggur Kvæðamannafélagið Iðunn upp í ferð á landsmót hagrýðinga. Mótsstaðurinn er Félagsheimilið á Blönduósi. Komið verður til Reykjavíkur aftur seinni part sunnudags. Jónatan Þórisson í Mosfellsbæ leggur til bílinn eins og áður.

Klukkustundu fyrir dagmál eða kl 8 að morgni verður lagt af stað frá Umferðarmiðstöðinni þar sem eitt sinn var Vatnsmýrarvegur 10. Bíllinn verður kominn 20 mínútum fyrir í staði efst í horni sem snýr að miðbænum, ofan við bílaleiguna, hvít og blá rúta merkt TREX, Hópferðamiðstöðin og Jónatan Þórisson. Reiknað er með 40 manna bíl og því er ráðlegt að panta sem fyrst í símanúmerum þeim, sem gefin eru upp síðast í þessum pistli og taka fram hvers konar gistingu er óskað eftir, sjá síðar hér í pistlinum. Einnig má senda tölvupóst, ef menn kjósa það heldur eða ná ekki í uppgefinn síma. Ekki verður hægt að tryggja þeim far sem koma á síðustu stundu.

Landsmót hagrýðinga eru haldin að afloknum slætti, fyrir göngur og á nýjum stað hvert ár. Þessi mót eru gríðarlega skemmtileg. Þar er maður manns gaman og hver skemmtir þar öðrum. Leikið er og barist með orðsins brandi af lipurð og snerpu og ýmsum bragarháttum beitt. Mikið er ævinlega ort í bílnum á leiðinni. Ýmsir hafa þar eldskírn og slípun fengið og ábendingar í vísnaverð. Lítið dugar leirbull eitt þegar á hólminn er komið, en þó eiga allir erindi í slíka ferð, líka þeir sem ekki yrkja, til að njóta góðra vísna og kveðskapar eða gleðjast í góðum hópi. Þeir sem vilja reyna sig í vísnaverð og flutningi fá til þess tækifæri á mótinu sjálfu ef að vanda lætur.

Ef hjart verður til fjalla verður farið austur um Selfoss, þaðan upp Skeið og Hreppa, um Brúarhlöð til Kjalvegur vestan við Gullfoss og Hvítá um

Bláfellsháls til Hveravalla. Þaðan verður ekið um Auðkúluheiði og Blöndudal til gistingar á Blönduósi. Þar verður unnt að velja um a.m.k. þrjá kosti. Hótelherbergi fyrir tvo á 15.000 kr, fyrir einn á 13.500 kr. Tveggja manna herbergi á Gistiheimili fyrir tvo kostar 7.500 kr og svefnpokapláss á gistiheimili eða í smáhúsum við Blöndu má fá fyrir 2.500 kr. Morgunverð er hægt að fá á hótél Blönduósi fyrir 750 kr. Annars er reiknað með því að menn hafi með sér nesti, skjólgóðan en léttan hlífðarfatnað og gönguskó, ef ganga ætti smáspöl upp í Borgarvirki t.d. Ef þungbúið verður og þrútið loft, mun farið með byggðum norður og þess freistað að fara um Kjöl suðuraf, en ella með byggðum en þó reynt að fara ekki sömu slóð til baka heldur einhverja úttúrdúra. Ef vel raðast í bílinn má reikna með að fargjaldið fari ekki yfir 4.500 kr á mann. Með byggðum á bakaleið mætti hugsa sér að fara um Vatnsnes og efna til hagyrðingamóts og kvæðalagaflutnings með systurfélagi okkar í Hamarsbúð norðan Hvammstanga.

Fararstjóri: Pétur Eggerz, sími: 897 1813, netfang: eggerz@simnet.is.

Formaður: Steindór Andersen, sími: 565 2652, netfang: sandersen@simnet.is.

Vísnameistari: Helgi Zimsen, sími: 848 2878, netfang: helgi.zimsen@gmail.com.

Kvæðamál

*Jón Ingvar Jónsson yrkir
spakhendur.*

Hafi prestur hægðateppu
hiklaust búast má við kreppu.

Snjói niðri hálfar hlíðar
hækkar krónan fyrr en síðar.

Borði gamall biskup kleinu
breytir það nú ekki neinu.

Spóli Ford í Fischersundi
fellur krónan gagnvart pundi.

Þegi maður þunnu hljóði
þá er hann í öðru ljóði.

Sjáist lamb af laufi þefa
lækkar gengi hlutabréfa.

*Sigrún Haraldsdóttir skoðar
haustlitina í tilverunni.*

Hneggi ófædd önd í bítið
er það meir en lítið skrytið.

Stendur af sér storma og él
og stríðar hryðjur ískaldar
urt sem vex á auðnarmel
út á hjara veraldar.

Bólgni illa efri vörin
óðar skána vaxtakjörin.

Þegar galar hani'á haugi
hlutur Glitnis eykst í Baugi.

Sunna hefur doða deyft,
daufa kvisti litað,

vorið unga við mér hreyft
vanga kalda hitað.

Víða finn ég vott um slit,
velkta og fúna þræði.
Farin eru að láta lit
lífsins spariklaði.

Óvænt glymja högginn há,
hygg ég fátt nú stóði.
Dyrnar var að drepa á
dauðans sendiboði.

Fákur dökkur flengdi grund,
fældi mökk úr leyni.
Af varð rökkur eina stund,
eldur hrökk af steini.

Og um afurðir sínar:

Uppúr mér ég þvælu þyl
þvætting, bull og steypu.
Yrking sérhver er mér til
ævarandi sneypu.

*Sigurður Sigurðarson yrkir
í tilefni sjötugsafmælis Björns S.
Stefánssonar 19. júní 2007.*

Björn er í hugsun hraður,
heldinn á eigið lag.
Sjóðfróður sómamaður
sjötugur varð í dag.

Á Láganúpi við Kollsvík:

Héðan sóttu úr sjávardjúpi
sjómenn hraustir föng ósmá.
Enn er líf á Láganúpi
og lífsgleðin er rík sem þá.

*Ólafur Runólfsson hugsar norður
yfir heiðar, sem er vissulega við hæfi
þar sem framundan er Iðunnarferð á
hagyrðingamót á Blönduósi.*

Norður heiðar nú er greiður vegur.
Vagninn skeiða víst þar má,
veröld breiða til að sjá.

Sumarveður víst nú gleður andann.
Væna kveða vísu þarf,
sem verður með, - í þjóðar arf.

Eins og fluga, ef ei bugast minni.
Um það hugur enn þá snýst,
áfram duga skal ég víst.

Þó að gráni þá mun skána síðar.
Allt ég fránum augum lít,
aftur hlánar fönninn hvít.

*Helga Zimsen finnst rigningin góð,
en hann er ekki frá því að misjafnt sé
hvað menn kalla rigningu.*

Sumir ýkja öðrum meir,
orðin þrútin falla.
Ef að detta dropar tveir
dembu slíkt þeir kalla.

*Og Helgi yrkir afhendingu á göngu
niður að Grunnvötnum í Heiðmörk
á sumarfundum Iðunnar, en þar var
ekki dropa að sjá. En eins og menn
vita þá er þar venjulega ekkert vatn á
sumrin.*

Grunnvötnin grynna naumast geta orðið,
undir moldu yfirborðið.